

Kynningarfundur um deiliskipulag Ásvallabrautar að norðurhelli 2, þriðjudaginn 11.nóv. 2014.
BJ.

Kynning.

Ólafur Ingi Tómasson opnaði fundinn, bauð fólk velkomið og lýsti tilurð verkefnisins.

Bjarki Jóhannesson kynnti Ásvallabrautina á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 og tengingar hennar við gatnakerfið. Um væri að ræða mikla samgöngubót fyrir Velli 5 og 6 og Skarðshlíð, og nauðsynlegt væri að hafa tvær leiðir út úr þeim hverfum af öryggisástæðum.

Einar Sæmundsen og María Jóhannsdóttir Landmótun kynntu skipulagstillöguna og gerðu grein fyrir umhverfisáhrifum.

Stefán Veturliðason VSB kynnti tæknileg atriði varðandi legu vegarins, útfærslu og hljóðvist.

Umræður og spurningar.

Spurning: Spurt um hvort hljóðvist við hesthús hafi verið reiknuð.

Svar SV: Það var athugað og hljóðvist í lagi.

Spurning: Hljóðvist við Brekkuás 1 er rauðgul við húshorn, sem þýðir 60 - 65 dB. Setur bærinn þrefalt gler í húsin?

Svar SV: Hljóðvistin verður leyst með mönum. Útreikningar sem sýndir voru eru aðeins forathugun, en endurbætur á mönum verða gerðar þar til hljóðvist við húsin kemst á grænt, þ.e, undir 55 dB.

Spurning: Spurt um hvort gera eigi endurbætur á Kaldárselsvegi, sem geti ekki tekið á móti umferð af Ásvallabraut í núverandi ástandi.

Svar BJ/Helga Stefánsdóttir: Deiliskipulag Kaldárselsvegjar er í vinnslu og endurbætur verða gerðar á honum.

Spurning: Verða hraðahindranir á Ásvallabrautinni?

Svar BJ: Nei, ekki eru settar hraðahindranir á tengibrautir.

Spurning: Talað var um hugsanlega tvöföldun síðar meir, í hvora áttina yrði það?

Svar BJ: Væntanlega til suðurs, fjær húsunum í Áslandi 3.

Spurning: Reikna má með hálfu á gatnamótum Ásvallabrautar og Brekkuáss, hvernig verður það leyst?

Svar HS: Snjóbræðslan nær niður að hindruninni við gatnamótin þannig það ætti ekki að vera vandamál. Eins er hindrun við gatnamótin þannig að það hægir einnig á bílum.

Spurning: Verða gatnamótin með hringtorgi?

Svar HS: Gatnamótin verða T-gatnamót.

Spurning: Var athugað með mengun á skoðun á umhverfisáhrifum?

Svar ES: Nei.

Spurning: Gatan verður tvær akreinar, verða útskot á þeim þannig að bílar geti mæst ef hindrun er á veginum?

Svar SV: Það verða ekki útskot, en axlirnar verða það breiðar að það á að geta gengið.

Spurning: Hversu mikið umferðarmagn verður á veginum?

Svar BJ: Fyrst um sinn 3-5 þús bílar á sólarhring, en þegar svæðin milli Skarðshlíðar og Áslands 3 verða fullbyggð má rekna með u.þ.b. 14 þús bílum á sólarhring.

Spurning: Verða gerðar ráðstafanir til að draga úr umferð:

Svar: Nei, en gera má ráð fyrir að umferð dreifist þegar tenging kemur af Ásvallabraut á Krýsuvíkurveg og mislæg gatnamót af Krýsuvíkurvegi á Reykjanesbraut. Þá verður leiðin út á Reykjanesbraut greiðari en nú er, og reikna má með að íbúar Valla 5 og jafnvel Valla 6 velji hana fremur.

Spurning: Er ekki hægt að taka veginn beint niður á Kaldárselsveginn í stað þess að fara milli Áslands 3 og hesthúsanna?

Svar BJ: Vegna bratta er ekki hægt að tengja beint á Kaldárselsveg.

Spurning: Þurfti ekki að vinna skipulag Kaldárselsveg samtímis?

Svar BJ: Það hefði verið æskilegt, en þar sem bæði verkefni eru tímafrek var ákveðið að fara þessa leið, þar sem gróf hugmynd af Kaldárselsveginum og tengingum við Ásvallabraut og Ofanbyggðaveg liggur fyrir.

Spurning: Hvaða áhrif hefur tenging Ásvallabrautarinnar á Öldugötu og hvernig verður tengt inn á hana?

Svar BJ: Tengingin verður um Kaldárselsveginn eins og er í dag. Ekki er auglóst að þessi breyting muni hafa áhrif á umferð um Öldugötu.

Ingi Tómasson: Þurfum við að hugsa um Ofanbyggðaveg? Getum við fært veginn neðar og fjær Áslandi 3? Óvíst hvort hann kemur og yrði þá leyst hvernig á að koma honum fyrir. Gæti haft áhrif á hesthúsin.

BJ: Gatnamótin Ásvallabraut-Brekkúás eru bundin af núverandi legu þess sem komið er af Ásvallabraut við beygjuna upp í Brekkúásinn. Þó svo að hægt væri að hliðra veginum mundi það vera óverulegt við Brekkúás 1.

Spurning: Var Ásvallabrautin sýnd á aðalskipulagi?

Svar: Já.

Niðurstaða fundar: VSB falið að skoða leiðir til að bæta hljóðvist við Brekkúás 1 og raðhús við Furuás. Skoða hvort hægt er að leysa það með mönum og/eða hljóðveggjum, ef ekki, skoða möguleika á að færa veginn enn fjær húsunum.